

Til sveitarstjórnar Dalabyggðar

Búðardal 31.3.2020


Efni: Greiðslur fyrir skólaakstur í samkomubanni stjórnvalda

Í ljósi þeirra aðstæðna sem uppi eru núna vegna COVID19 faraldursins og þar sem skólaakstur liggr niðri í einhvern tíma óskum við undirrituð eftir að sveitarstjórn endurskoði þau ákvæði samningsins að eingöngu séu greiddir 50 hundraðshlutar af taxta fyrir skólaakstur þegar hann fellur niður vegna veðurs, færðar, verkfalls eða af öðrum orsökum umfram 5 daga yfir skólaárið. Nú þegar hafa fallið niður 6-10 dagar á þessu skólaári vegna veðurs og færðar og til viðbótar 7 dagar í mars vegna COVID 19 og verða enn fleiri væntanlega í aprílmánuði.

Við teljum að þær aðstæður sem uppi eru núna séu annars eðlis en gefnar eru í samningum okkar. Ekki er ljóst hversu langur tími þetta verður og við þurfum að standa við skuldbindingar okkar s.s. vegna fjármögnunar bifreiða og fasts rekstrarkostnaðar ásamt launakostnaði starfsmanna. Einnig er ljóst að sá kostnaður sem sparast við að akstur fellur niður er aðeins lítt hluti heildarkostnaðar verktaka.

Í ljósi framanritaðs óskum við eftir að þetta ákvæði verði endurskoðað með tilliti til þessarra fordæmalausu aðstæðna.

Virðingarfyllst,


Jónas Þórður Þórðarson
Grundþjónslifshámmur.